

Stjórnarfundur Hverfisnefndar Oddeyrar 29. apríl 2014.

52. Fundargerð.

Mætt voru: Perla Fanndal, Ingimar Tryggvason, Kristín Elva Magnúsdóttir auk undirritaðs.

1. Ekki að sjá neitt á heimasíðu Akureyrarbæjar að tillögur nefndarinnar séu til umfjöllunar eða afgreiðslu. A.m.k. kannast fundarmenn ekki við að hafa séð slíkt.
2. Einn bekkur með borði kominn á Eiðsvöll í rjóðri hjá grillinu.
3. Ákveðið að fara skoðunargöngu um Eyrina laugardaginn 17.maí kl. 10.30.
4. Rætt ýmislegt sem betur mætti fara í viðhaldi; Lagfæra þarf hálfrar aldar gamla steinhleðslu á göngustíg á Eiðsvelli, Strandgatan illa farin, horn Ægisgötu og Grenivalla, horn Norðurgötu og Strandgötu. Götur og undirlag og skólplagnir yfirleitt komnar á tíma.
Mikilvægt að minna þar til bær yfirvöld á þetta svo þetta komist a.m.k. á blað þar.

PS. Undirritaður ákvað að sannreyna punkt nr. 2 og prófaði að slá einfaldlega inn "Hverfisnefnd Oddeyrar" inná leitarstiku á heimasíðu Akureyrarbæjar og nýjasta skjal sem kom upp var frá 30.okt 2013...

Kaffi Ilmi, Hafnarstræti 107b Akureyri, þ. 29.apríl 2014.
Arnór Bliki Hallmundsson, ritari.